

VIÐAUKI III
Skilgreining á hreinum kjötvörum.

1. Nautgripakjöt (samheiti fyrir kjöt af nautpeningi, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Kýrkjöt</i>	Kjöt af kúm, 30 mánaða og eldri.
<i>Ungneytakjöt/ nautakjöt</i>	Kjöt af nautum, uxum eða kvígum, 12 til 30 mánaða gömlum.
<i>Alikálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, 3 til 12 mánaða.
<i>Ungkálfakjöt</i>	Kjöt af kálfum, allt að 3 mánaða.
2. Kindakjöt (samheiti fyrir kjöt af sauðfé, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Ærkjöt</i>	Kjöt af fullorðnum ám og sauðum. Kjöt af veturgömlum ám og sauðum, á aldrinum 1 til 2 ára, er flokkað í sérstakan flokk.
<i>Lambakjöt</i>	Kjöt af gimbrum og geldingum að 1 árs aldri og hrútlömbum að 1 árs aldri, að undanskildum þeim sem slátrað er á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. mars.
3. Svínakjöt (samheiti fyrir kjöt af svínunum, án tillits til aldurs eða kynferðis):	
<i>Grísakjöt</i>	Kjöt af ungum svínunum, göltum sem vanaðir hafa verið innan 3 mánaða aldurs og gyltum sem ekki hafa gotið.
4. Hrossakjöt:	
<i>Hrossakjöt</i>	Kjöt af hrossum, eldri en 6 ára.
<i>Unghrossakjöt</i>	Kjöt af hrossum, 3 til 6 ára.
<i>Trippakjöt</i>	Kjöt af trippum, 1 til 2 ára.
<i>Folaldakjöt</i>	Kjöt af folöldum, allt að 1 árs.
5. Annað kjöt:	
<i>Villibráð</i>	
<i>Alifuglakjöt</i>	
<i>Kanínukjöt</i>	
<i>Geitakjöt</i>	

GJALDSKRÁ
fyrir rotþróargjald í Garðabæ.

1. gr.

Af öllum húseignum í Garðabæ þar sem fráveituvatn frá fráræsum húseigna er leitt í rotþrær skal greiða árlega rotþróargjald samkvæmt gjaldskrá þessari, sem skal varið til þess að standa strauum af kostnaði við hreinsun og tæmingu rotþróa í sveitarfélaginu, sbr. 18. gr. samþykktar um fráveitu í Garðabæ.

2. gr.

Álagningarstofn rotþróargjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

Rotþróargjald skal nema 0,13% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð, greiðist ekki rotþróargjald. Gjald dagar rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Rotþróargjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur rotþróargjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Við álagningu árlegs rotþróargjalds getur sveitarstjórn með einfaldri samþykkt sinni nýtt sér heimild í 2. mgr. 87. gr. vatnalaganna, sbr. lög nr. 137/1995, um niðurfellingu eða lækkun til tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Garðabæjar þann 3. mars 2003, sbr. samþykkt um fráveitu í Garðabæ nr. 282/2005, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2005.

Garðabæ, 16. mars 2005.

Guðjón Erling Friðrikson bæjarritari.

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 414/2000 um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra lokaprófa í 10. bekk í grunnskólum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Nemendum í 10. bekk grunnskóla skal gefast kostur á að þreyta samræmd próf í allt að sex námsgreinum sem menntamálaráðherra ákveður. Þeir nemendur í 8. og 9. bekk, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum, geta, með samþykki forsjáraðila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum.

Nemanda er heimilt að endurtaka samræmt lokapróf einu sinni. Velji nemandi að endurtaka próf skal síðari einkunnin gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.

Þorgerður Katrín Gunnarsóttir.

Guðmundur Árnason.